

Nd.

116. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán til útgerðar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast rekstrarlán, sem Landsbanki Íslands veitir á yfirstandandi vetrarvertíð, sem nemi allt að einni milljón króna, einstökum útgerðarmönnum eða félögum, sem viðskipti hafa haft við Íslandsbanka, gegn tryggingum í væntanlegum afla. Hámark lánveitinga má ekki fara fram úr því, sem Landsbanki Íslands hefir lánað undanfarið út á afla, miðað við skippund.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að ósk atvinnuáráðherra. Er það samið i sam-

ráði við bankastjóra Landsbankans. Tilgangurinn er að draga úr þeirri röðun, sem lókun Íslandsbanka veldur hjá útgerðinni.

Verði Íslandsbanki opnaður að nýju, er að sjálfsgögn gert ráð fyrir, að viðskipti þessi flytjast aftur yfir til Íslandsbanka.